



Danska 10. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 10. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Hlustun Tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni þegar framsetning er áheyrileg.</p> <p>Lesskilningur Lesið mismunandi texta með nokkuð fjölbreyttum orðaforða og valið lestraraðferð við hæfi.</p> <p>Samskipti og frásögn Hafið samræður um kunnugleg málefni, beitt nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notað algeng föst orðasambönd úr daglegu máli.</p> <p>Tjáð sig um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.</p> <p>Ritun Skrifað lipran samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góðan orðaforða og</p>	<p>Talar dönsku í kennslustofunni sem nemendur skilja.</p> <p>Notar hlustunarefni námsbóka og annað efni við hæfi.</p> <p>Notar myndefni sem tengist þema námsbóka og daglegu lífi sem getur aukið við orðaforða og ræða á eftir.</p> <p>Kemur á alls konar talæfingum þar sem nemendur æfa að lesa upphátt tveir og tveir saman eða í hópum.</p> <p>Notar málfræðiæfingar reglulega.</p> <p>Glósar lykilorð á töflu með nemendum.</p> <p>Æfir textaskrif sem styður við orðaforða nemenda til þess að geta tjá sig um daglegt líf sitt og annarra.</p> <p>Kynnir danska menningu hvað varðar daglegt líf og fréttir liðinna stunda fyrir nemendum.</p> <p>Útbýr þemaverkefni þar sem nemendur geta unnið í hópum og skilið verkefni samkvæmt „collaborative learning“-aðferð.</p>	<p>Auki og virki orðaforða í tali og ritun.</p> <p>Fái tækifæri til að tala málið, t.d. með samtölum, viðtölum og frásögnum.</p> <p>Geti hlustað eftir tilteknum upplýsingum í samtali eða frásögn.</p> <p>Skilji heildarinntak í samtölum tveggja um efni almenns eðlis.</p> <p>Skilji aðalatriði úr stuttum útvarps- og sjónvarpsfréttum sem valdar eru með tilliti til nemandans.</p> <p>Skilji til fulls samtöl tveggja, tilkynningar og frásagnir þar sem notaður er orðaforði sem fengist er við.</p> <p>Noti ritunaræfingar til að þjálfa málfarsleg atriði.</p> <p>Komi orðum að hugsunum sínum.</p> <p>Kynnist fjölbreyttum lestextum.</p> <p>Geti lesið sér til gagns og gamans.</p> <p>Fái þjálfun í notkun orðabóka við lestur og ritun.</p> <p>Kynnist danskri menningu og</p>	<p>Vinnubók námsbókarinnar 10%</p> <p>Reglulegt leiðsagnarmat eins og sjálfsmat, jafningjamat og kennaramat 5%:</p> <p>Matslistar sem svarað er í þemavikum eða þegar við á</p> <p>Ritun með leiðsagnarmati 10%</p> <p>Lestrarþemaverkefni eða kjörbókarskýrsla og kynning 20%</p> <p>Margmiðlunarverkefni 10%</p> <p>Munnlegt lokapróf 20% í lok haustannar:</p> <p>Nemandi undirbýr texta út frá spurningu sem er byggð á efni námsbóka og skilar inn hljóðupptöku</p> <p>Skriflegt lokapróf 30% í lok vorannar:</p> <p>Hlustun, lesskilningur og ritun, allt ólesið efni</p>



<p>meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.</p> <p><i>Meningarlæsi</i></p> <p>Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar Dana og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt.</p> <p><i>Námshæfni</i></p> <p>Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.</p>	<p>Kemur á samskiptum og samvinnu við vinabekk í Danmörku.</p> <p>Veitir nemendum leiðsögn og gerir þeim kleift að setja sér markmið og leggja mat á eigið nám.</p>	<p>jafnaldra nemendum í gegnum fjölmiðla, tónlist, kvikmyndir og tölvusamskipti.</p> <p>Geti sett sér markmið og lagt mat á eigin námsframvindu með stuðningi gátlista og matskvarða.</p>	
--	---	---	--